

Ed.

456. Nefndarálit

[54. mál]

um frv. til l. um útflutningsleyfi o.fl.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hl. leggur til að frumvarpi þessu verði hafnað. Til að undirstrika þá afstöðu leggur 1. minni hl. til að frumvarpinu verði breytt á þann veg að reglugerð um breytta verkaskiptingu ráðherra frá 8. júlí sl. verði afnumin og að í frumvarpinu verði kveðið á um að viðskiptaráðuneyti fari með útflutningsmálin, svo sem verið hefur, í staðinn fyrir utanríkisráðuneyti.

Fyrsti minni hl. mun gera nánari grein fyrir afstöðu sinni í framsöguræðu, en meginrök hans eru þessi:

1. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að meðferð útflutningsmála verði *einfaldari* í meðferð utanríkisráðuneytis en í meðferð viðskiptaráðuneytis.
2. Bent hefur verið á að frumvarpið og reglugerð forsætisráðherra frá 8. júlí sl. *brjóti í bága við anda stjórnarráðs­laganna* í grundvallaratriðum.
3. Bent hefur verið á að flutningur utanríkisviðskipta í utanríkisráðuneytið hafi það í för með sér að útflutningsverslun og innflutningsverslun verði ekki lengur í sama ráðuneyti, en í lög­unum um Stjórnarráð Íslands er byggt á þeirri meginforsendu að *skyldum málum sé skipað saman í Stjórnarráðinu*.
4. Ekkert hefur komið fram sem bendir til þess að útflutningsverslun verði *skilvirkari* undir utanríkisráðuneytinu en viðskiptaráðuneytinu.

Í rauninni liggja engin rök fyrir breytingunni önnur en pólitísk „rök“, þau að nauðsynlegt hafi verið fyrir stjórnarflokkana að láta Steingrím Hermannsson hafa utanríkisverslunina til þess að hann sætti sig við að vera ekki forsætisráðherra áfram. Þau „rök“ telur 1. minni hl. svo léttvæg að hann telur enga ástæðu til að fallast á frumvarpið.

Alþingi, 30. des. 1987.

Svavar Gestsson.